

ASUR Paint Remover

Málningaruppleysir án CHC



Efnislýsing

Asur Paint Remover er alhliða málningaruppleysir. Hann er lyktarlítill og umhverfisvænn en leysir samt hratt upp lökk og veggmálningu utan sem innanhúss án þess að breyta lit eða áferð undirlagsins. Asur uppleysirinn er lífbrjótanlegur og er án þeirra skaðlegu efna sem notuð eru í hefðbundnum uppleysum.

Asur málningaruppleysir hefur langan notkunartíma (opinn tíma) og hentar vel á

- steinefnaundirlag (pússningu, steypu, náttúrustein o.fl.)
- við, málm, GRP (glertrefjaplast)
- múrverk, t.d. múrstein, tígulstein o.fl.
- leysiefnaþolið yfirborð

Meðhöndlun

Asur málningaruppleysir leysir upp eins þáttar málningu og lökk.

1. Hyljið mjög vel nálæga fleti sem ekki á að hreinsa. Uppleysirinn skemmir plast og hentar ekki á gler.
2. Hrærið upp í dósinni. Efnið skilur sig og þarf því að hræra vel.
3. Gerið fyrst prófun á efninu á litlu svæði í mismunandi þykkt til að meta styrkleika og nauðsynlegan virknitíma því hann er breytilegur eftir undirlagi. Setjið plastfilmu yfir.
4. Berið jafnt og vel á flötinn. Ef of lítið er notað af Asur uppleysinum verður flöturinn þurr og hvítleitur.
5. Uppleysta lagið skal ætíð fjarlægja frá þeim stað sem það er lausast. Ekki hafa Asur uppleysinn lengur á yfirborðinu en nauðsynlegt er.
6. Auðveldast er að leysa upp málningu við hlýjar aðstæður og með því að breiða þunna PE filmu yfir svæðið sem unnið er með (ekki nauðsynlegt). Varist að nota efnið á rakadrægt yfirborð, í rigningu, vindi, kulda, lélegri loftræstingu og á mjög gljúpa fleti (prófið fyrst á litlum bletti).
7. Þrífið flötinn síðan á meðan hann er blautur með vatni og ef þurfa þykir með Nordsjö Málartvätt og vatni. Hreinsið uppleystu málninguna af gólfi/jörð eins fljótt og auðið er. Ef beðið er með það tekur hreinsun mun lengri tíma.
8. Látið flötinn þorna vel áður en hann er málaður aftur.

Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innan- og utanhúss
Yfirborðshiti við málun: Lægst 10°C
Þéttleiki við 20°C: 1,09 g/ml

pH (10g/l): 5

Efnismagn á m²: 250 ml/m² (minnsta heildarlagsþykkt = lagþykkt Asur) til 2 l/m². Magn fer eftir efnisþykkt lagsins sem fjarlægja á

Virknitími: Allt frá nokkrum mínútum til nokkurra klukkustunda, jafnvel daga, undir filmu

Verkfæri: Penslar, rúllur, spaðar (ekki plast) málningarsprautur (airless)

Umbúðir: 1 og 3 lítra dósir

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými